Menntaskólinn á Akureyri
Íslenska 633 – Mál og menningarheimur barna og ungmenna
Kjörsviðsval í 4. bekk félagsfræðibraut
Haustönn 2012

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson stefan@ma.is

Áfangalýsing
Í áfanganum kynnast nemendur sögu og þróun íslenskra barna- og unglingbókmennta og fræðast um mál og menningarheim barna; máltöku, málþroska og ritun. Þeir fá þjálfun í lestri fræðigreina um efnið og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega. Einnig verða vettvangsferðir og/eða gestaheimsóknir.

Áfangamarkmið
Nemandi
- kannist við þróunarsögu íslenskra barna- og unglingabóka
- geti fjallað af skilningi og þekkingu um barna- og unglingabókmenntir
- lesi vandlega nokkrar íslenskar barna- og unglingabækur frá ýmsum tímum
- lesi gagnrýna umfjöllun um barna- og unglingabækur í blöðum og tímaritum
- geri sér grein fyrir helstu stigum máltöku barna
- kannist við rannsóknir á íslensku barnamáli
- öðlist hæfni til að leiðbeina börnum og unglingum um bókaval
- kynnist ýmsum flokkum barna- og unglingabóka og geri sér grein fyrir ólíku efni þeirra, eðli og tilgangi
- kynnist öðrum birtingarformum, s.s. leikritum og kvikmyndum
- skoði hvernig margmiðlun og upplýsingatækni tengist efni áfangans
- þjálfist í gagnrýninni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum

Námsefni
Raddir barnabókanna. 1999. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna. Mál og menning. Reykjavík.
Ýmsar barna- og unglingabækur.
Kvikmyndir fyrir börn.
Greinar um barna- og unglingabækur, læsi og málþroska og glósur frá kennara.
Efni á moodle og vef. - Nánari kennsluáætlun, viku f. viku, verður á moodle.

Kennsluhættir og fyrirkomulag
Mánudagstímarnir eru hugsaðir fyrir moodle og vinnu nemenda utan tíma. Bein kennsla og/eða vinna undir handleiðslu kennara verður á miðvikudögum og fimmtudögum. Lögð verður áhersla á skapandi og sjálfstæða vinnu nemenda, uppgötvanir og samstarf.

Námsmat
Fyrirlestrar 20% (2 fyrirlestrar/umfjöllun um bækur (einstaklings og para)
Kvikmyndaverkefni 7,5%
Myndabækur 5%
Vettvangsferð 7,5%
Rannsóknarverkefni 30% (einstaklingar eða pör)
Lokapróf 30%